

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytinga á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (starfslok óbyggðanefndar o.fl.).

Frá Teiti Birni Einarssyni, Jóni Gunnarssyni, Vilhjálmi Árnasyni,  
Birgi Þórarinssyni og Óla Birni Kárasyni.

- Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ákvæði 1. mgr. taka ekki til landsvæða utan strandlengju meginlandsins.
- Við 5. gr. bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Orðin „sbr. þó 10. gr. a“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.
6. gr. orðist svo:  
10. gr. a laganna fellur brott.

### Greinargerð.

Í 1. tölul. er lagt til að valdsvið óbyggðanefndar verði takmarkað við landsvæði innan meginlandsins og í 3. tölul. er fellt brott ákvæði um málsmeðferð mála sem taka til landsvæða sem eru utan þess svæðis, þ.e. eyjar, sker, drangar o.fl. Hefur breytingin í för með sér að öll yfirstandandi mál sem taka til landsvæða utan meginlandsins falla niður.